

SAMÞYKKT um fráveitur í Snæfellsbæ.

1. gr.

Veitustofnanir Snæfellsbæjar starfrækja fráveitu í sveitarfélaginu, kosta rekstur hennar og framkvæmdir við hana.

Lóðareigendum og húsráðendum sem þar eiga hús að, eða í námunda við fráveitu í eigu Veitustofnana Snæfellsbæjar, er skylt að leggja á sinn kostnað fráveitu frá húsinu er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsi eða að lóðarmörkum eftir því sem styttra er. Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skólþ og yfirborðsvatn skal lóðarhafi einnig leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja. Húseigendum er skylt að halda vel við fráveitulögnum húseigna sinna og gæta þess að þær stíflist ekki.

2. gr.

Engum er heimilt að leggja fráveitulögn í aðalfráveitu nema með leyfi bæjarstjórnar og er mönnum skylt að lúta í einu og öllu fyrirmælum um gerð og legu fráveitna. Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla á hverjum tíma.

3. gr.

Óheimilt er að veita skólþi í frárennsli er valdið getur skemmdum á fráveitukerfinu eða truflað rekstur þess. Þar er m.a. átt við eiturmengað, olíumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skólþ innihaldi framangreind efni skal fara með slíkan úrgang samkvæmt reglugerð um spilliefni eða gera hann óskaðlegan áður en honum er veitt út í fráveitukerfið, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

4. gr.

Við nýbyggingar og breytingar á fráveitum í lóð er lóðarhafa skylt að leggja fram til samþykktar uppdrátt í tvíriti er sýni legu, halla, stærð og gerð fráveitna. Sá sem uppdrátt gerir skal undirrita hann með eigin hendi og ber hann ábyrgð á að hann sé í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt uppdrátt stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni byggingarfulltrúa, hitt eintakið skal liggja fyrir á byggingarstað. Ekki má hefja framkvæmdir við lagnir fyrir en samþykktur uppdráttur liggur fyrir.

Samþykki byggingarfulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð þess sem uppdráttinn gerir.

5. gr.

Þar sem fráveita bæjarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða fráveituvatn um rotþrær, sem hlotið hafa viðurkenningu Umhverfisstofnunar, og siturlagnir. Rotþró skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar. Hönnun, stærð og staðsetning rotþróar er háð samþykki heilbrigðisnefndar.

Húseigandi ber allan kostnað af lögnum þessum og viðhaldi, en bæjarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við þær.

Rotþrær og frágangur þeirra skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð og reglugerð um fráveitur og skólþ og teknar út af byggingarfulltrúa.

6. gr.

Kostnaður við hreinsun og viðhald fráveitukerfis á vegum Veitustofnana Snæfellsbæjar greiðist úr bæjarsjóði. Til að standa straum af þeim kostnaði, er bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt fráveitugjald, tengigjald við tengingu og árlegt fráveitugjald eða rotþróargjald, eftir því hvort á við, til bæjarsjóðs.

Um tæmingu á seyru úr rotþróum og úrgangi úr öðrum hreinsivirkjum skal fara samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rotþrær skal hreinsa og tæma að jafnaði þriðja hvert ár. Verði um tíðari hreinsun að ræða skal viðkomandi notandi standa straum af kostnaði við hana.

Stofn til tengigjalda er rúmmetrastærð húseignar, en til fráveitugjalda fasteignamat húsa og lóðar. Stofn til rotþróargjalds er að jafnaði stærð rotþróar.

Upphæð þessara gjalda skal ákveðin í gjaldskrá sem bæjarstjórn setur og auglýsir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Eigendur annarra fráveitna standa straum af kostnaði við viðhald, hreinsun og tæmingu þeirra.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með framkvæmd hreinsunar og ákveður verktilhöggun og annað sem skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

7. gr.

Fráveitugjöld samkvæmt 6. gr. greiðast af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Fráveitugjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur fráveitugjaldið lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Bæjarstjórn getur samþykkt að fella niður eða lækkað fráveitugjald hjá tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 5. mgr. 87. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sbr. lög nr. 137/1995.

9. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist fráveitugjaldið með fasteignasköttum.

10. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 1. febrúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.